

Stjórn Minjasafns Austurlands kom saman til fundar að Fagradalsbraut 11 fimmtudaginn 10. okt. 2013 kl. 10 f.h.

Mætt: Sigurjón Bjarnason, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Kristjana Björnsdóttir og Unnur Birna Karlsdóttir safnstjóri.

1. Eldri fundargerð til undirritunar

Fundargerð undirrituð.

2. Fjárhagsáætlun með breytingum

Eftir meðhöndlun eigenda safnsins á fjárhagsáætlun er niðurstaðan: Tekjur 25,3 mil. Gjöld 24,6 mil.

3. Eignarhald safnahúss – KPMG – skýrslan

Fyrir fundinum lá skýrsla frá KPMG um breytingar á eignarhaldi. Stjórn Minjasafnsins telur að eignarhaldi Safnahússins sé best fyrir komið með þeim hætti að Fljótsdalshérað eignist húsið og leggur til að samningur þar um verði lagður fyrir eigendur sem fyrst.

4. Samskipti vegna reksturs og endurbóta á húsi

Sigurjón og Unnur Birna eiga fund með forsvarsmönnum Bókasafns, Héraðsskjalasafns og Fljótsdalshéraðs mánudaginn 14. okt.

5. Fergusonsamningur. – Staðfesting stjórnar

Stjórn staðfestir hér með undirritun safnstjóra dags. 7. okt. 2013 á samningi við Hlyn Bragason.

6. Ráðningarsamningur safnstjóra frá 1. 1. 2014 Staðfesting stjórnar

Formaður og safnstjóri undirrituðu samninginn í viðurvist stjórnar.

7. Sómastaðasamningur. Endurskoðun

Minjasafnið hefur sagt upp gildandi samningi við Þjóðminjasafnið, unnið er að gerð samnings þar sem viðhald verður á ábyrgð Þjóðminjasafns.

8. Sameining yfirstjórna Minjasafns og Héraskjalasafns.

Stjórn hefur fengið til umsagnar hugmynd eigenda safnanna um að sameina yfirstjórn þeirra. Fundarmenn sjá sér ekki fært að taka afstöðu til hugmyndarinnar fyrr en nánari útfærsla liggur fyrir. Stjórnin vekur ennfremur athygli á því að nýráðið er í stöður tveggja af þremur safnstjórum.

9. Staða safnsins í nýju lagaumhverfi

Safnstjóri er að vinna að umsókn og fylgigögnum vegna umsóknar til Safnaráðs þannig að Minjasafnið eigi möguleika á að fá vottun sem viðurkennt safn.

10. Styrkumsóknir og sérstök verkefni 2014

Safnstjóri er með ýmsar spennandi hugmyndir um sýningar og viðburði. Leitað verður styrkja vegna þeirra.

11. Bankaaðgangur bókara

Stjórnarmenn rituðu undir samning um netbanka fyrir lögaðila þar sem bókhaldið verður nú fært af starfsmanni SKRA á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl:11.45

Kristjana Björnsdóttir
ritaði